

Hefur íslenska aðgerðaáætlunin gegn mansali staðist prófið?

Hildur Jónsdóttir

Formaður sérfræði- og samhæfingarteymis um mansal

Jafnréttisþing 4. febrúar 2011

Aðgerðaáætlun gegn mansali

- Samþykkt í ríkisstjórn Íslands 17. mars 2009
- Gildir 2009 til ársloka 2012 en verður þá metin og endurskoðuð
- Inniheldur 25 afmarkaðar aðgerðir sem eru á ábyrgð ýmissa aðila
- Ábyrgð á málaflokknum fluttist í október 2009 frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu til DMR, nú IRR

Aðgerðirnar

- Falla í fjóra flokka:
- The 4 Ps: Prevention, Protection, Prosecution, Partnerships
- Forvarnir (Rannsóknir - fræðsla)
- Aðstoð við fórnarlömb (Öruggt skjól, vernd, stuðningsúrræði)
- Viðbúnaður lögreglu
- Samstarf (Sérfræði- og samhæfingarteymi um mansal)

Aðgerð 1. Fullgildingar alþjóðasamninga

- Fullgilding samnings Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi og bókunar við hann um mansal frá 2000
 - Breyting á 227. gr. hgl. ofl.
 - Fullgilding 13. maí 2010 og Palermó bókunin 22. júní 2010
- Fullgilding Evrópuráðssamnings um aðgerðir gegn mansali frá 2005
 - Í ferli. Þegar hefur útlendingalögum verið breytt í þá veru að tvær tegundir dvalarleyfa sem ætlaðar eru fórnarlömbum mansals hafa bæst við; sex mánaða umþóttunarleyfi og eins árs endurnýjanlegt dvalarleyfi (sbr. einnig aðgerð 6)
 - Fullgilding Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun frá 2007
 - IRR hefur falið Réttarfarsnefnd að smíða lagafrumvarp

Aðgerð 2. Sérfræði- og samhæfingarteymi um mansal

- Teymið var skipað í október 2009. Fulltrúar frá innanríkisráðuneyti, velferðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Ríkislögreglustjóra, Útlendingastofnunar, Stígamóta og Samtaka um kvennaathvarf. Útvegar úrræði vegna einstakra fórnarlamba, en á einnig að sinna fjöldamörgum öðrum verkefnum skv. aðgerðaáætluninni. Sbr. einnig aðgerð nr. 5 um hlutverk frjálsra félagasamtaka
- Neyðarteymi (aðgerð nr. 3) er vinnuform mansalsteymisins þar sem aðrir eru kallaðir til samstarfs þegar bregðast þarf skjótt við fórnarlömbum til stuðnings eða verndar

Aðgerð 4 Heildstæð fræðsluáætlun fyrir fagstéttir

- Útgáfa fjögurra bæklinga er í vinnslu
- Undirbúningur að stofnun heimasíðu: mansal.is og humantrafficking.is
- Virkjun netfanga
- Samvinna við Lögregluskólann hefur hafist
- Samvinna við Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar er hafin
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, geðsvið Landspítalans, Neyðarmóttöku vegna nauðgana ofl.

Aðgerðir 6, 7, 8

- Um dvalarleyfi (sjá aðgerð 1 v fullgildinga)
- Um öruggt skjól og fjárhagslega og félagslega aðstoð
 - Gerð samstarfssamninga, ma við velferðarsvið Reykjavíkurborgar
- Um heilbrigðisþjónustu
 - 15. gr. reglugerðar nr 1206/2008 um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir skv. lögum um sjúkratryggingar hefur verið breytt í þágu fórnarlamba mansals

Aðgerð 9 Örugg endurkoma til heimalands

- Til undirbúnings gerðar verkferla sem lúta að því þegar fórnarlamb mansals er sent til heimalands með þeim hætti að öryggi þess sé tryggt –
- - hefur mansalsteymið í einu tilfelli efnt til samvinnu við Alþjóða fólksflutningastofnunina (IOM) sem tryggði fórnarlambi stuðningsprógram og fjárhagsstuðning frá íslenskum stjórnvöldum í sex mánuði. Til athugunar er að gera samning við IOM um aðstoð við fórnarlömb mansals m.a.
- Getur mögulega nýst einnig til framkvæmda á aðgerð nr 11 sem varðar örugga heimferð fórnarlamba undir lögaldri

Aðgerð 12 Verklagsreglur fyrir lögreglu

Aðgerð 13 Þörf fyrir forvirkar

rannsóknarheimildir verði metin

- Lögregla hefur þegar sett sér verklagsreglur vegna mansalsmála. Þær eru ítarlegar og vandaðar og endurspeгла skilning á sérstöðu mögulegra fórnarlamba. Við gerð þeirra óskaði lögreglan eftir umsögn mansalsteymisins, sem aftur er til vitnis um mikinn samstarfsvilja í þessum málaflokki.
- Aðgerð 13 hefur ekki komið til framkvæmda en Ragna Árnadóttir þáverandi dómsmálaráðherra opnaði umræðu um forvirkar rannsóknarheimildir til handa lögreglu í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi

Aðgerð 15 þolendum skipaður réttargæslumaður og veitt vitnavernd og nafnleynd ef þurfa þykir

- Í þeim málum sem til rannsóknar hafa verið hjá lögreglu hefur þess verið gætt að viðkomandi fórnarlambi sé skipaður réttargæslumaður í samræmi við lög um meðferð sakamála. Einnig hafa verið nýttar heimildir til að sakborningar yfirgefi réttarsal á meðan fórnarlamb bar vitni. Þá hefur verið gripið til úrræða til að tryggja öryggi vitna og gefa þeim færi á að fara huldu höfði
- Tengt þessu, þótt um það sé ekki fjallað í aðgerða-áætluninni, er að þess hefur verið gætt að nota túlka, bæði við meðferð sakamála sem við aðra þjónustu

Aðgerðir 16, 17 og 18

- Lagt verði fram frumvarp sem miði að því að gera kaup á vændi refsiverð
 - Með samþykkt þessarar aðgerðar í aðgerðaáætluninni varð það tryggt að fyrirbyggjandi þingmannafrumvarp þessa efnis yrði samþykkt, sbr. lög nr. 54/2009 til breytinga á 206 gr. hgl.
- Lagt verði fram frumvarp sem beinist gegn nektarstöðum
 - Samþykkt á Alþingi 23. mars 2010
- Barátta gegn barnaklámi efld
 - Vinnst ma í gegnum samning Barnaheilla og ríkislögreglustjóra

Aðgerðir 21 og 22

- Þátttaka í alþjóðasamstarfi
 - Á vettvangi SP, ÖSE, Evrópuráðsins, Norrænu ráðherranefndarinnar og Eustrasaltsráðsins 40% landa voru engar sakfellingar frá 2003-2007
- Kaup fulltrúa íslenskra stjórnvalda á hvers konar kynlífsþjónustu verði ekki liðin
 - Ákvæði þessa efnis eru í nýsömdum siðareglum fyrir Stjórnarráðið sem eru í umsagnar- og kynningarferli

Hvað hefur ekki verið gert?

- Verkferlar til að greina og styðja ætluð fórnarlömb undir 18 ára aldri (10)
- Sérhæft lögregluteymi vegna mansals og vændis (14)
- Fræðsluherferð sem beinist að kaupendum kláms og vændis (18)
- Aukið eftirlit þeim sem hafa óbeinan ábata af vændi (20)
- Kynning á neyðarnúmerum (23)
- Skráningarkerfi um mansalsmál (24)
- Rannsóknir á umfangi og einkennum mansals á Íslandi (25)